

84. ársþing UMSK

84. ársþing Ungmennasambands Kjalarnesþings, var haldið 27. febrúar 2008 kl. 18.00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið og flutti setningarávarp.

Formaður lagði síðan fram tillögu um 1. og 2. þingforseta, þá Stefán Snæ Konráðsson og Hafstein Pálsson. Tillaga um þingforseta samþykkt.

Þingforsetar tóku til starfa og báru þeir fram tillögu um þingritara, Margréti Björnsdóttur. Tillaga um þingritara samþykkt.

Þingforsetar báru síðan upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, þau Kristján Jónatansson, Pál Grétarsson og Ernu Reynisdóttur.

Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt.

Þingforsetar kváðu þingið rétt boðað eða samkvæmt 4. gr. laga UMSK.

Þingforsetar gáfu formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Formaður rakti það helsta í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári, helstu viðburði sem sambandið tók þátt í og viðburði sem sambandið stóð fyrir.

Stærsta verkefni sambandsins var landsmótið í Kópavogi sem var risa-verkefni. Það heppnaðist með ágætum og tókst að halda það án teljanlegs hallareksturs sem er afrek út af fyrir sig. Hann þakkaði öllum þeim sem komu að vinnu við mótið og benti á að þar hafi mikill fjöldi sjálfboðaliða gert það mögulegt að svo vel skyldi fara.

Formaður ræddi m.a. um uppbyggingu íþróttamannvirkja, að sú uppbygging snerist oft um þörf grunnskólanna í sveitarfélögum. Hann benti á nauðsyn þess að íþróttafélögin og sambandsaðilar komi þar betur að skipulagsvinnu með sveitarfélögum, til að tryggja það að öll sjónarmið komi fram. Benti hann sérstaklega á vöntun á félagsaðstöðu sem hann sagði vera óásættanlega gagnvart þeim sem eiga að sjá um að bjóða upp á rekstur íþróttafélaga fyrir sveitarfélögin.

Að lokum tilkynnti formaður þingfulltrúum að Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri UMSK frá 1991 hafi ákveðið að hverfa til annarra starfa. Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri samfellt í tæp 17 ár. Formaður þakkaði Birgi Ara góða samvinnu fyrir hönd UMSK.

Því næst lagði Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri UMSK fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2007:

1. Landsmóts 2007

Rekstrarhalli var 36.492.- og reikningum lokað.

2. UMSK

Efnahags- og rekstrarreikningur 2007 lagðir fram.

Rekstrarhalli var 1.204.830.- sem er aðlaga tilkominn vegna landsmótsins.

Birgi þakkaðir greinargóðir reikningar og skýr framsetning.

Á þinginu voru eftirtaldir gestir:

Ellert B. Scram, fyrrverandi forseti ÍSÍ

Björn Jónsson, fyrrverandi formaður UMFÍ

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ

Helga Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ

Ávarp gesta

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSí færði þinginu kveðju frá Íþróttá- Ólympíusambandi Íslands og lýsti ánægju sinni með greinagóða ársskýrslu sem hann sagði sýna vel gott og lifandi starf UMSK.

Hann sagði afl sambandsins mikið sökum fólksfjölda þess. Valdimar Leó Friðriksson hefur verið öflugur formaður félagsins og stýrt því vel.

Ólafur sagði að Íþróttamannvirkjamál væri verkefni sem við getum hlúð betur að. Það er ekki nema 10 ár síðan grunnskólinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga.

Við þurfum að koma meira að uppbyggingu íþróttamannvirkja en verið hefur og vinna með sveitarfélögunum í þeim málum.

Einnig sagði Ólafur að efla þurfi fyrirmyndafélögin.

Ólafur sámdi Birgi Ara Hilmarsson gullmerki Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og þakkaði honum vel unnin störf og óskaði honum velfarnaðar í nýju starfi.

Helga Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ tók næst til máls og flutti góðar kveðjur frá stjórn UMFÍ. Hún þakkaði greinagóða skýrslu sem sýnir góða og öfluga starfsemi sem unnin hefur verið hjá sambandinu á íþróttáárinu.

Helga þakkaði Birgi Ara góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar til margra ára og bauð jafnframt nýjan framkvæmdastjórn UMSK, Valdimar Gunnarsson velkominn til starfa. Hún talaði um að það væri ákaflega mikilvægt að skrá sögu íþróttá og benti á ritverk Jóns Ívarssonar sem skráði sögu UMFÍ í 100 ár “Vormenn Íslands” máli sínu til stuðnings.

Helga rakti því næst stærstu atburði hjá UMFÍ. Þing UMFÍ var haldið sl. október.

Landsmót 2009 verður haldið á Akureyri en þá verður 100 ára afmæli landsmóta.

Unglingalandsmót verður næst haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina.

Nýtt verkefni “Gæfuspor” ætlað eldri borgurum verður hleypt af stokkunum á næstunni.

Evrópa unga fólksins er verkefni vistað á skrifstofu UMFÍ. Miklir möguleikar fyrir ungt fólk upp að 30 ára. UMFÍ hefur styrkt ungmenni til lýðháskóladvalar í Danmörku.

Helga nefndi einnig Landsmótið í Kópavogi sem haldið var á 100 ára afmæli hreyfingarinnar. Þar var öll aðstaða til íþróttaiðkunnar til fyrirmyndar og mikil vinna lögð í undirbúning og framkvæmd mótsins.

Helga færði Birgi Ara blóm frá UMFÍ sem þakklætisvott fyrir allt það góða starf sem hann hefur unnið í þágu íþróttá á landinu.

Álit kjörbréfanefndar

Kristján Jónatansson, formaður kjörbréfanefndar las upp kjörbréf aðildarfélaganna, (fulltrúa félaganna). 31 félag eru með aðild að UMSK og lögðu 10 þeirra fram kjörbréf en nokkur bættust síðan við á fundinum. Alls voru 49 þingfulltrúar.

Formaður kjörbréfanefndar lagði til að kjörbréf verði samþykkt.

Staðfesting á aðild nýrra félaga

Eitt félag hefur sótt um aðild að UMSK á árinu en það er Bandýfélag Kópavogs.

Tilgangur félagsins er að iðka bandý og að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íþróttina. Stjórn UMSK hefur fjallað um umsóknina og staðfest lög þess.

Þingforsetar báru upp beiðni félagsins og þingfulltrúar samþykktu tilverurétt þess í UMSK. Félagið var boðið velkomnið og óskað velfarnaðar.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Þingforsetar buðu nú umræður um skýrslu og reikninga félagsins.

Kjartan Sigurgeirsson kvað sér hljóðs og sagði að í skýrslunni hefði gleymst að geta hans sem greinastjóra á Landsmóti en hann var greinastjóri siglingamanna á Landsmótinu í Kópavogi.

Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga Samþykkt samhljóða.

Heiðursviðurkenningar

Valdimar Leó Friðriksson, formaður las upp reglugerð um heiðursviðurkenningar. Hann sagði að tveir aðilar sem starfað hafa fyrir íþróttahreyfinguna til fjölda ára eigi svo sannarlega heiður skilið fyrir störf sín í þágu íþróttá landsvísu.

Þetta eru þeir Björn B. Jónsson og Ellert B. Scram.

Valdimar færði þeim síðan viðurkenningu og þakkaði þeim fyrir vel unnin störf.

Björn B. Jónsson tók til máls og sagðist hræður og stoltur yfir því að fá þessa viðurkenningu. Hann rakti í stuttu máli samskipti sín við UMSK sem hafa bæði verið mjög góð og farsæl. Hann óskaði UMSK velfarnaðar í næstu framtíð.

Ellert B. Scram tók einnig til máls og sagði í máli sínu vera “ein af þessum gömlu mublum” og þakkaði kærlega fyrir viðurkenninguna.

Hann sagðist ennþávera með hugann við íþróttamálin og kvaðst stoltur af því að vera heiðraður hjá UMSK og óskar samtökunum góðs í framtíðinni.

Afhending viðurkenninga og heiðranir

Formaður UMSK, Valdimar Leó Friðriksson afhenti nú viðurkenningar til afreksmanna í íþróttum og félagsmálum.

Fyrst afhenti hann bikar sem gefinn var af UMFÍ til UMSK á 70 ára afmæli þess.

UMFÍ-bikarinn

Meistaraflokkur Stjörnnunnar í blaki karla

Dansbikar UMSK

Haukur Freyr Hafsteinsson og Denise Margrét Yaghi, Dansfélaginu Hvönn

Fimleikabikar UMSK

P-1 fimleikahópur, Gerplu

Friðsþróttabikar UMSK

Kári Steinn Karlsson, Breiðabliki. Karl faðir hans tók á móti bikarnum í fjarveru Kára Steins.

Sundbikar UMSK

Ragnar Björnsson, Breiðabliki

Skíðabikar UMSK

Markús Már Jóhannsson, Breiðabliki

Afreksbikar UMSK

Fríða Rún Einarsdóttir, Gerplu

Því næst voru afhentar viðurkenningar til sjálfboðaliða:

Félagsmálaskjöldur UMSK

Bjarnleifur Bjarnleifsson, Gusti

Starfsmerki UMSK

Guðrún Kristín Einarsdóttir, Aftureldingu

Arnþór Sigurðsson, Breiðabliki

Úlfhildur Haraldsdóttir, Breiðabliki

Gunnþór Hermannsson, HK

Ómar Geir Þorgeirsson, HK

Skúli Skúlason, Kili

Ásgrímur Helgi Einarsson, KFK

Geirharður Geirharðsson, NK

Emil Gunnarsson, Stjörnunni

Þorsteinn Rafn Jónsson, Stjörnunni

Silfurmerki UMSK

Hlynur Guðmundsson, Aftureldingu

Sævar Kristjánsson, Gusti

Stefán Konráðsson, Stjörnunni

Gullmerki UMSK

Þórður Guðmundsson, Breiðabliki

Fundarhlé og matur í boði UMSK

Fundi fram haldið kl 20.00

Þingforseti, Stefán Konráðsson lagði fram tillögu þess efnis að ekki væri skipað í nefndir vegna þingmála að þessu sinni því að þau mál sem fyrir liggja væru fá og góð og krefðust ekki yfirveru nefnda. Jafnframt lagði hann til að þær tillögur sem fyrir þinginu liggja verði bornar upp í einu lagi.
Tillagan var samþykkt.

Formaður UMSK, Valdimar L. Friðriksson, bar því næst upp tillögur á þingskjölum 1 - 10.

Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2008

Rekstrartekjur:

Útbreiðslustyrkur ÍSí	2.100.000
Lottó UMFÍ og ÍSí	26.000.000
Skattar aðildarfélaga	700.000
Getraunir	1.250.000
Tjaldleiga	100.000
Tekjur v/ landsmóts	500.000
Alls	30.650.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	6.300.000
Þing og sérráð	300.000
Lottó til aðildarfélaga	19.900.000
Afreksmannasjóður	2.100.000
Lagt í landsmótssjóð	650.000
Gjafir og viðurkenningar	100.000
Kostn. v/ héraðsmóta	200.000
Unglingalandsmót	450.000
Annar kostnaður	100.000
Alls	30.150.000
Fjármagnstekjur	300.000
Rekstrarafgangur	800.000

Þingskjal nr. 2

84. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir góðan stuðning við íþróttastarf á sambandssvæðinu og fagnar niðurgreiðslu æfingagjalda. Þingið hvetur sveitarstjórnir til að halda áfram og efla enn frekar beinann stuðning til iðkenda og bendir í því sambandi á hið mikla forvarnargildi sem í íþróttaiðkun fellst.

Þingskjal nr. 3

84. Ársþing UMSK... þakkar Bæjarstjórn Kópavogs og starfsmönnum fyrir gott samstarf og myndarlegt framlag vegna undirbúnings og framkvæmdar á 25. Landsmóti UMFÍ. Mótið var afar glæsilegt og Kópavogi til mikils sóma.

Þingskjal nr. 4

84. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að nýta sér í enn frekara mæli Íslenskar Getraunir til fjáröflunar.

Þingskjal nr. 5

84. Ársþing UMSK... óskar þeim deildum og félögum innan sambandsins til hamingju sem fengið hafa gæðaviðurkenninguna "Fyrirmyndarfélag ÍSÍ". Þá hvetur þingið önnur félög til að stefna að því að fá þessa viðurkenningu. Jafnframt eru þau félög sem hafa fengið viðurkenninguna hvött til að halda áfram því góða starfi sem þar er unnið.

Þingskjal nr. 6

84. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 30 á félagsmenn 16 ára og eldri og ekkert verði greitt fyrir félagsmenn yngri en 16 ára.

Þingskjal nr. 7

84. Ársþing UMSK... þakkar þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem komu að undirbúningi framkvæmdar 25. Landsmóts UMFÍ sem fram fór í Kópavogi 5.-8. júlí 2007.

Þingskjal nr. 8

84. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku í 11. Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið verður í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina.

Þingskjal nr. 9

84. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að leggja rækt við forvarnir í starfi sínu t.d. með þátttöku í verkefninu "Flott án fíknar".

Þingskjal nr. 10

84. Ársþing UMSK... þakkar eftirtöldum aðalstyrktaraðilum 25. landsmóts UMFÍ fyrir góðan stuðning:

Toyota, Rúmfatalagerinn, Byko, SPK, Bónus og Vífilfell.

Þessi fyrirtæki gerðu UMSK og Kópavogsbæ kleift að halda eit glæsilegasta mót sem haldið hefur verið hérlandis.

Formaður UMSK Valdimar Leó Friðriksson lagði fram eftirfarandi tillögu sem viðbót:

Þingskjal nr. 11

84. Ársþing UMSK... fagnar framlögum Alþingis í ferðasjóð Íþróttafélaga og til reksturs sérsambanda ÍSÍ.

Enginn óskaði eftir að taka til máls undir liðnum þingskjöl og voru öll 11 þingskjölin samþykkt samhljóða.

Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram

Enginn óskaði eftir að taka til máls undir þessum lið.

Hafsteinn Pálsson tók því næst til máls og vakti athygli á nýju verkefni sem er í gangi hjá ÍSÍ en það er verkefnið "Ísland á iði". Hvatti hann þingfulltrúa til að taka þátt í keppni um hreyfingu og að virkja fjöldann með sér. Meiri og meiri þörf væri á að vera með hvatningar í gangi. Skiptir okkur miklu.

Hann gaukaði því að nýrri stjórn að setja fé til höfuðs gömlu metunum í frjálsum. Þeir sem slái þau met geti fengið styrk fyrir sína deild.

Að lokum óskaði Hafsteinn félaginu góðs íþróttarárs.

Valdimar Leó, Friðriksson, formaður færði Birgi Ara Hilmarssyni þakklætisvott frá stjórn UMSK en Birgir hefur unnið í tæplega 17 ár sem framkvæmdastjóri UMSK, mikil þrautseigja. Valdimar afhenti Birgi Ara gullúr, sérmerkt honum.

Birgir Ari Hilmarsson tók til máls og þakkaði fyrir sig og þau góðu orð sem til hans voru töluð. Segist ekki vera farinn langt er ennþá í dalnum en hann starfar nú hjá Lottói, eða Íslenskri Getspá sem hefur aðsetur hér í sama húsi.

Kosningar, kjörnefnd skilar álit.

a. Kosning formanns.

Þingforsetar lögðu fram tillögu um Valdimar Leó Friðriksson sem formann til eins árs.

Samþykkt með lófataki

b. Kosning tveggja stjórnarmanna.

Þingforsetar lögðu fram tillögu um Margrétu Björnsdóttur og Einar Jóhannsson sem stjórnarmenn til tveggja ára.

Samþykkt með lófataki

c. Kosning þriggja manna í varastjórn.

Þingforsetar lögðu fram tillögu um Svan M. Gestsson, Vilborgu Guðmundsdóttur og Öldu K. Helgadóttur til eins árs.

Samþykkt með lófataki

d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Þingforsetar lögðu fram tillögu um Gunnar Pál Pálsson og Kristján Sveinbjörnsson sem skoðunarmenn reikninga til eins árs og að þá Hafstein Pálsson og Loga Kristjánsson skoðunarmenn til vara til eins árs.

Samþykkt með lófataki

e. Kosið til íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem íþróttaping er haldið.

Þingforsetar upplýstu að ekki þurfi að kjósa fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ núna þar sem það fer ekki fram í ár. Næsta íþróttaping ÍSÍ verður 2009.

Þingforsetar þökkðu þingfulltrúum góða fundarsetu og gott þing og gáfu formanni UMSK orðið til þess að slíta þingi.

Valdimar Leó friðriksson, formaður bauð nýjan framkvæmdastjóra UMSK, Valdimar Smára Gunnarsson velkominn til starfa og þakkaði jafnframt Birgi Ara Hilmarssyni fyrir frábæra vinnu og samskipti til margra ára.

Þingi slitið kl. 20.30

Þingritari: Margrét Björnsdóttir